

# SAMÞYKKTIR

fyrir

## Almannavarnanefnd Árnassýslu

Sveitarfélögin í Árnassýslu standa að samþykktum þessum

um starfrækslu almannavarna á svæði

viðkomandi sveitarfélaga, þ.e.:

Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur,  
Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur,  
Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus

### I. kafli

#### Umboð og hlutverk

##### 1. gr.

Almannavarnarnefnd Árnassýslu (A.Á.) er starfrækt af þeim sveitarfélögum sem aðild eiga að samþykktum þessum. A.Á. fer í umboði viðkomandi sveitarfélaga með málefni almannavarna skv. lögum nr. 82/2008, eins og nánar er kveðið á um í samþykktum þessum.

Sameiginlegur samstarfs- og ákvarðanagrundvöllur aðildarsveitarfélaganna vegna A.Á. er Héraðsnefnd Árnesinga. Aðsetur og varnarþing A.Á. er á Selfossi.

##### 2. gr.

Almannavarnanefnd skipa eftirtaldir fulltrúar:

Átta fulltrúar aðildarsveitarfélaganna, eða einn frá hverju sveitarfélagi, lögreglustjórinn á Suðurlandi, fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, slökkviliðsstjóri Brunavarna Árnassýslu, fulltrúi svæðisstjórnar björgunarsveita, fulltrúi Rauða krossins, og þeir aðilar sem nefndin kallar til samstarfs.

Áheyrnarfulltrúar eru:

Varaslökkviliðsstjóri, staðgengill lögreglustjóra, yfirlögregluþjónn og verkefnastjóri Almannavarna.

##### 3. gr.

Á fyrsta fundi Héraðsnefndar Árnesinga að loknum sveitarstjórnarkosningum skal kjósa fulltrúa aðildarsveitarfélaganna í A.Á. til fjögurra ára og jafnmarga fulltrúa til vara. Skal kosinn einn fulltrúi frá hverju aðildarsveitarfélaganna og að jafnaði sé hann framkvæmdastjóri sveitarfélagsins og jafn margir til vara. Hver fulltrúi fer með eitt atkvæði á fundum A.Á.

##### 4. gr.

A.Á. starfar á grundvelli laga og reglugerðar um almannavarnir og er hlutverk nefndarinnar að:

1. Móta stefnu og skipuleggja starf sitt í samræmi við lög um almannavarnir.

Handwritten signatures and initials, including "AF" and "RMP".

2. Kanna áfallaþol, gera hættumat og áhættugreiningar og endurskoða þær
3. Búa til viðbragðsáætlanir skv. neðangreindum lista og prófa þær.
  - a. Skipulagning aðgerða og viðbúnaðar sveitarfélaga.
  - b. Skipulagning aðgerða og viðbúnaðar viðbragðsaðila, m.a. liðsafla, þjálfun liðsafla og útbúnað og stjórnsluviðbúnað.
  - c. Samgöngur og fjarskipti.
  - d. Framkvæmd ráðstafana á hættustundu.
  - e. Samhæfingu og stjórn aðgerða viðbragðsaðila og annarra aðila.
  - f. Áfallahjálpar og aðstoð við þolendur.
  - g. Hagvarnir, birgðir og neyðarflutninga til og frá landi.
4. Skipa fulltrúa í aðgerðastjórn.
5. Eiga samstarf við þjónustumiðstöð almannavarna sbr. 14. gr. laga um almannavarnir þegar hún er sett upp í umdæminu.
6. Gera tillögu til lögreglustjóra um að kalla beri íbúa til borgaralegra starfa í samræmi við 19. gr. laga um almannavarnir.

Þessum markmiðum verður náð t.d. með samstarfssamningi við svæðisstjórn björgunarsveita eða björgunarsveitir á svæði nefndarinnar, við Rauða kross deildir á svæði nefndarinnar, sem og aðra sem nefndin kallar til samstarfs.

A.Á. getur kallað eftir upplýsingum frá aðildarsveitarfélögum um það með hvaða hætti forvörnum og upplýsingagjöf til íbúa hefur verið sinnt.

Í kjölfar atburða getur A.Á. óskað eftir skýrslum frá viðbragðsaðilum og sveitarstjórnnum þar sem farið væri yfir þá reynslu sem draga má af atburðinum.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 getur ráðuneyti sveitarstjórnarmála falið sveitarstjórn og viðeigandi nefndum þess að fara með stjórn nágrannasveitarfélags sveitarfélags sem hefur að mati ráðuneytisins orðið óstarfhæf vegna neyðarástands í sveitarfélagi, svo sem af völdum náttúruhamfara.

5. gr.

Slökkviliðsstjóri Brunavarna Árnessýslu er jafnframt framkvæmdastjóri A.Á. sem fer með daglega stjórn og sinnir skyldum sínum eins og þær eru nánar útfærðar í lögum, reglugerðum og samþykktum A.Á. Framkvæmdastjóra skal setja erindisbréf.

Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn A.Á. skv. samþykktum stöðuheimildum einnig er A.Á. heimilt að ráða/hafa samvinnu um ráðningu starfsmanna við aðra aðila að undangengnu samþykki héraðsnefndar fyrir fjárveitingu til starfsins.

## II. Kafli


### Starfsmenn, fundir og starfshættir

6. gr.

Lögreglustjóri felur framkvæmdastjóra A.Á. að boða til fyrsta fundar í upphafi nýs kjörtímabils. Lögreglustjóri stýrir fyrsta fundi í upphafi kjörtímabils þar til formaður hefur verið kosinn. Á sama fundi skal einnig kjósa varaformann og ritara, sem saman mynda framkvæmdaráð A.Á.

7. gr.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum almannavarnanefndar sé hrint í framkvæmd. Framkvæmdastjóri boðar og undirbýr fundi A.Á. í samráði við formann. A.Á. heldur fundi



eftir því sem tilefni eru til en þó eigi sjaldnar en tvisvar sinnum á ári. Skylt er að boða til fundar ef meirihluti fulltrúa æskir þess.

8. gr.

Tölvuskrá skal fundargerðir skv. gildandi reglum. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundir eru haldnir og hvenær þeim er slitið. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar svo og samþykktir og ályktanir. Allir viðstaddir skulu undirrita fundargerðina. Fundargerðarbók, afrit af skýrslum, sendibréfum og skjölum A.Á., lög, reglugerðir er varða almannavarnir svo og starfslýsingar og starfsreglur skulu vera tiltæk á öruggum stað í stjórnstöð A.Á. Framkvæmdastjóri skal sjá um að afrit af fundargerðum séu send fulltrúum í nefndinni, sveitarstjórnnum og þeim sem ber að fá fundargerðir A.Á.

### III. Kafli

## Markmið og verkaskipting

9. gr.

Markmiðið með starfi A.Á. er að styrkja og efla almannavarnir í aðildarsveitarfélögunum. Aðilar skulu leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir og vinna á vegum A.Á. skuli fyrst og fremst vera í þágu allra íbúa aðildarsveitarfélaganna sem leggur þær skyldur á herðar þeim að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum hvort heldur er í sínum eigin eða einstakra hópa.

10. gr.

A.Á. skulu fylgjast með þróun almannavarnamála í aðildarsveitarfélögunum eins og kostur er og gera tillögur til úrbóta auk beinna aðgerða á grundvelli ákvæða þessa samþykta. A.Á. skal leitast við að hafa samstarf við sérfróða aðila á sviði almannavarnamála eftir því sem þörf krefur hverju sinni og hafa af hálfu aðildarsveitarfélaganna umsjón með aðgerðum í almannavarnamálum í samvinnu við einstaklinga, fyrirtæki og samtök í hverju sveitarfélagi.

### IV. Kafli

## Fjármál

11. gr.

Tekjur Almennavarnanefndar Árnassýslu eru eftirfarandi:

- a. Framlög frá aðildarsveitarfélögum skv. fjárhagsáætlun.
- b. Önnur framlög og styrkir.

12. gr.

Framlög aðildarsveitarfélaga A.Á. skipast jafnt á hvern íbúa þeirra. Framlög skulu greidd í einni greiðslu í upphafi starfsárs.

13. gr.

Hvert aðildarsveitarfélag ber ábyrgð á skuldbindingum A.Á. miðað við meðaltal gjaldskylduhlutfalls síðustu þriggja ára.

14. gr.

Handwritten signatures and initials in the bottom right corner, including "JUMP" and "AI".

Framkvæmdastjóri annast fjárreiður A.Á. Hann gerir, í samráði við framkvæmdaráð A.Á., tillögur um árlegar fjárhagsáætlanir sem leggja skal fyrir Héraðsnefnd Árneseinga til samþykktar. Framkvæmdastjóri annast framkvæmd samþykktara áætlana og gerir framkvæmdaráði A.Á. grein fyrir ráðstöfun fjár og fjárhagsstöðu A.Á. Framkvæmdastjóri sér til þess að ársreikningur sé gerður og lagður fyrir framkvæmdaráð og Héraðsnefnd Árneseinga.

15. gr.

Nú óskar sveitarfélag að ganga úr A.Á., skal það þá tilkynnt formanni skriflega. Tilkynningin skal berast a.m.k. þremur mánuðum fyrir áætlaðan ársfund Héraðsnefndar Árneseinga. Í tilkynningunni skal greint frá ástæðum.

Erindi um úrsögn skal tekið fyrir á fundi Héraðsnefndar Árneseinga og reynt að finna lausn á þeim atriðum sem liggja til grundvallar ákvörðunar um úrsögn.

Náist ekki samkomulag, þá skal úrsögnin gilda frá næstu áramótum eftir fund Héraðsnefndar. Sveitarfélag sem segir sig úr A.Á. á ekki endurkröfurétt á framlagi sínu.

## V. Kaffi Gildistaka

16. gr.


Samþykktir þessar byggjast á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og lögum um almannavarnir nr. 82/2008.

Samþykktir þessar voru samþykktar í Héraðsnefnd Árneseinga þann 15. október 2019 og taka gildi við undirritun aðildarsveitarfélaga. Þeim verður ekki breytt nema hvort tveggja fari saman að 2/3 hlutar aðildarsveitarfélaganna samþykki og að sveitarfélög sem bera 2/3 hluta kostnaðarábyrgðar sbr. 13. gr. samþykki.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórna.

3. febrúar 2020


  
f.h. Sveitarfélagsins Árborgar

  
f.h. Hveragerðisbæjar





  
f.h. Bláskógabyggðar

  
f.h. Flóahrepps

  
f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps

  
f.h. Hrunamannahrepps

  
f.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

  
f.h. Sveitarfélagsins Ölfus

  
ÖLFUS  
SVEITARSTJÓRN